

í marzmánuði þ. á. og stefndu að fá 5 vikna stefnufrest, miðað við 1. dag mánaðarins, sbr. 21. gr. hæstaréttarlaganna.

En þar sem stefnan var ekki birt fyrr en 6. febrúar, hafa stefndu, sem mættu ekki við þingfestingu málsins, fengið ofstuttan stefnufrest.

Verður því ex officio að frávísa málinu, sem rekið hefir verið skriflega, samkv. 1. lið. 2. mgr. 38. gr. hrél., og kemur málskostnaður, að svo vöxnu máli, ekki til greina.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá hæstarétti.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 10. apríl 1929.

Nr. 21/1929. **Valdstjórnin** (Bjarni Þ. Johnson)

gegn

Elisabetu Eiríksdóttur (Guðm. Ólafsson).

Áfengissala.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 19. febr. 1929: Kærð, Elisabet Eiríksdóttir, sæti 600 kr. sekt, er renni í ríkissjóð, og greiði innan 30 daga frá lögbirtingu dómsins, ella sæti kærða í stað sektarinnar einföldu fangelsi í 30 daga.

Svo greiði kærð allan kostnað sakarinnar.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Af ástæðum þeim, sem teknar eru fram í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi, ber að staðfesta hann og

telst greiðslufrestur sektarinnar frá birtingu dóms þessa.

Kærða greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda, 50 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardóminum skal óraskað og telst greiðslufrestur sektarinnar frá birtingu dóms þessa.

Kærða, Elísabet Eiríksdóttir, greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna, Bjarna Þ. Johnson og Guðmundar Ólafssonar, 50 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Elísabet Eiríksdóttir, ráðskonu á Bræðraborgarstíg 14 hér í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum reglugjörðar nr. 67 frá 24. ágúst 1928, um sölu og veitingu vina þeirra, sem ræðir um í lögum nr. 3 frá 1923, og áfengislaganna nr. 64 frá 7. maí 1928.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina.

Þrír bifreiðarstjórar hér í bænum, þeir, Sigurður Guðmundsson, Þingholtsstræti 8B, Tryggvi Tómasson, Grundarstíg 56 og Ingólfur Einarsson, Grettisgötu 22B, hafa borið það, að þeir hafi hver um sig keypt nokkrar flöskur af spánarvíni, White Lissabon Wine, af kærðri, yfir 10.00 kr. heilflöskuna. Þetta vín keyptu þeir til þess að útvega það farþegum sínum, sem þeir voru að aka með um bæinn. Sök bifreiðarstjóranna verður afgjörð í öðru máli.

Kærð hefir játað, að framburður vitnanna sé réttur, hún kveðst nokkrum sinnum hafa selt hverjum þeirra umrætt vín, og jafnframt hefir hún játað, að hún hafi selt ýmsum fleiri mönnum, sem til hennar hafa komið, samskonar áfengi með sama verði. Áfengið hefir hún keypt í Áfengisverzluninni

fyrir kr. 7.00 hverja flösku, sem hún hefir, eins og fyr segir, selt fyrir kr. 10.00.

Salan hefir oft gengið talsvert fram á næturnar, en umsetningin segir kærð, að hafi verið fremur lítil. Þar sem ekki hefir tekizt að færa sönnur að því nánara, hve mikil umsetningin hefir verið, og þetta er fyrsta brot kærðrar, verður ekki talið nægilega sannað, gegn mótmælum kærðrar, að salan hafi verið rekin sem atvinna.

Í reglugjörðinni nr. 67 frá 1929, er það að visu hvergi beinlínis bannað einstökum mönnum að selja þau spánarvin öðrum, sem þeir hafa keypt í Áfengisverzlun ríkisins, en 3. gr. reglugjörðarinnar og 9. gr., virðast tvímælalaust verða að skilja svo, að þar sé tæmandi upptaldir þeir, sem heimild hafa til að selja vínin og veita þau. Það verður heldur ekki séð, að áliti réttarins, hvaða skynsemi mælir með því, að setja þeim, sem hafa heimild til að selja vínin samkv. reglugjörðinni, margskonar takmarkanir um það, hvenær þeir megi selja vínin, hverjum þeir megi selja þau og á hvern hátt megi veita þau, ef salan væri öðrum einnig heimil án fyrnefndra takmarkana.

Rétturinn verður því að álita það heimilt að gagnálykta frá ákvæðum 3. gr. reglugjörðarinnar og telur, að kærð hafi með framferði sínu brotið gegn ákvæðum hennar. En samkv. 14. grein reglugjörðarinnar verður að ákveða refsinguna fyrir þetta brot eftir viðeigandi refsíákvæðum áfengislaganna og er þau að finna í 32. grein þeirra. Refsing kærðrar, Elisabetar Eiríksdóttur, þykir samkvæmt þessari grein hæfilega ákveðin 600 króna sekt, er renni í ríkissjóð og greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærða í stað sektarinnar einföldu fangelsi í 30 daga.

Svo greiði kærð allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.
